GRÆN SKREF

b. (5. gr. c.)

*Loftslagsstefna ríkisins og sveitarfélaga.*

Stjórnarráð Íslands, stofnanir ríkisins, fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins og sveitarfélög skulu setja sér loftslagsstefnu. Stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

# Af hverju?

- Til þess að stuðla að því að Ísland standi við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi á sviði loftslagsmála.

- Svo að hið opinbera fari fram með góðu fordæmi þegar kemur að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

# Loftslagsstefnan

- Má standa ein og sér eða tilheyra stærri sjálfbærnistefnu
- Loftslagsstefnan skal innihalda útlistun á a.m.k. eftirfarandi atriðum: framtíðarsýn, yfirmarkmið, umfang, gildissvið, eftirfylgni, tengingu við núverandi skuldbindingar og hvernig staðið verður að kolefnisjöfnun.
- Tekur til **alls reksturs ríkisaðila**. Fyrst um sinn verður einungis gerð krafa um upplýsingar varðandi samgöngur, orkunotkun og úrgang.
- Umhverfisstofnun hvetur ríkisaðila til að hefjast strax handa við að móta sér loftslagsstefnu, en stefnan ásamt markmiðum og aðgerðaáætlun skal vera samþykkt **eigi síðar en í árslok 2021**.

# Markmiðasetning

- Getur verið hluti af loftslagsstefnunni sjálfri eða staðið sér sem annað plagg.
- Markmiðin skulu vera **SMART**: skýr, mælanleg, aðlagandi, raunhæf og tímasett.
- Forsenda góðrar markmiðasetningar eru **áreiðanleg gögn** um losun á gróðurhúsalofttegundum. Umhverfisstofnun fer fram á að ríkisaðilar skili Grænu bókhaldi vegna **samgangna, úrgangs og orkunotkunar** til stofnunarinnar.

# Aðgerðaáætlun

Aðgerðir skulu vera tímasettar og með tilgreindan ábyrgðaraðila.

| Umhverfisþættir | Áherslur | Markmið | Aðgerðir | Tímarammi | Ábyrgð | Áætluð áhrif á losun | Kostnaður |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |

# Aðgerðaáætlun

## AÐGERÐAÁÆTLUN

| Umhverfisþáttur | Áherslur | Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Upphafsdags. | Lokadags. | Staða | Kostnaður | Áhrif á losun | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |

# Loftslagsstefna ríkisaðila: aðalatriði

- Öll starfsemi ríkisins skal setja sér loftslagsstefnu sem verður tilbúin í síðasta lagi við árslok 2021.
- Umhverfisstofnun hefur útbúið leiðbeiningar sem tilgreina hvað loftslagsstefnan skal innihalda.
- Þríþætt: loftslagsstefna, markmið og aðgerðaáætlun.
- Samtvinnað við Grænu skrefin eins mikið og hægt er.
- Um að gera að byrja sem fyrst!

# Spurningar?